
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Framhaldsfræðsla á Íslandi

Hvernig er aðgengi fullorðinna að framhaldsskólamenntun á Íslandi?

Ritgerð til BA gráðu

Nafn nemanda: Anna María Jónsdóttir

Leiðbeinandi: Auður H. Ingólfssdóttir

Haustönn – 2015



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Formáli

Ritgerð þessi er 14 ECTS einingar og er unnin sem lokaverkefni til BA-gráðu í H.H.S. - heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Unnið var að ritgerðarsmíðinni að hausti árið 2015. Yfirskrift ritgerðarinnar er: Framhaldsfræðsla á Íslandi. Hvernig er aðgengi fullorðinna að framhaldsskólamenntun á Íslandi?

Leiðbeinandi minn, Auður H. Ingólfssdóttir fær mínar bestu þakkir fyrir að beina mér á réttar brautir við vinnslu verkefnisins, fyrir afar uppbyggilega gagnrýni og fyrir að hvetja mig áfram. Að hafa tækifæri til að stunda nám tel ég vera forréttindi. Algengt er að vísa til stærra samhengis í þeim efnum, en það er að mínu mati ekki nauðsynlegt að horfa út fyrir landsteinana á Íslandi til að sjá hve dýrmætt það er að öðlast aukna þekkingu, fyrir hvern og einn einstakling og jafnframt fyrir samfélagið. Margir rekast á hindranir þegar kemur að skólagöngu, ástæður þess eru af mörgum toga og tel ég nauðsynlegt að líta til fjölbreyttra aðstæðna fólks í samfélaginu við þróun og stefnumótun menntamála í landinu. Við ættum aldrei að hætta að leita leiða til að opna dyrnar að menntun í samfélagi okkar svo að sem flestir hafi tækifæri til aukinnar þekkingar. Námið gerði mig sterkari sem manneskju á margan hátt. Þekking mín hefur vissulega aukist og jafnframt færni til að taka þátt á vinnumarkaði. Það sem er hins vegar ekki eins augljóst er það hve hinn persónulegi, hinn innri, styrkur er meiri. Trúin á eigin getu skal aldrei ofmetin því ef hana skortir dugir hvorki vilji né ásetningur.

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er m.a. möguleikar fullorðinna með litla grunnmenntun til náms. Það getur verið mikið átak fyrir einstakling að hefja nám að nýju og skipta möguleikar þeir sem eru í boði þar miklu máli. Mikilvægt er að þróa aðstæður þannig að þær stuðli að því að minnka átakið sem þarf til. Stuðningur vinnuveitanda míns og hvatning er mér afskaplega dýrmæt og ég trúi því að líkt og í mínu tilfelli skili slík vinnubrögð sér til baka með starfskrafti sem er sterkari en áður og margfalt öflugri í fleiri en einum skilningi. Fjölskylda mín og vinir eiga þakkir skildar fyrir allan þann ómetanlega stuðning sem þau hafa veitt mér ávalt og óspart. Sumir einstaklingar eru einfaldlega þannig að maður er meiri og betri manneskja fyrir að hafa kynnst þeim. Það á einnig við um minn kæra vin og félagan Árna Vikarsson sem féll frá á meðan námi okkar við Háskólann á Bifröst stóð. Árni var 58 ára gamall þegar hann hóf nám við frumgreinadeild á Bifröst. Ég minnst hér fallins bróðurs, hann var áminning til okkar allra sem honum kynntumst að reyna ávalt að vera besta manneskjan sem þú getur verið hverju sinni. Það er aldrei of seint að fylgja hjartanu og láta drauma rætast.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1 Inngangur.....	4
Aðferðafræði	5
2 Mikilvægi menntunar	5
Hugmyndafræði - menntun og lífsgæði.....	6
Nám utan hins formlega skólakerfis.....	11
3. Framhaldsfræðsla	13
Fræðslumiðstöð	14
Fræðslusjóður	16
Hæfniþrep.....	17
Námsleiðir í boði í framhaldsfræðslu	19
Raunfærnimat	22
4 Staðan og stefna stjórnvalda.....	25
5 Niðurstöður.....	28
Lokaorð	31
Heimildaskrá	32

1 Inngangur

Spurningin sem leitast er við að svara í þessari ritgerð er: „Hvernig er aðgengi fullorðinna að framhaldsskólamenntun á Íslandi?“

Tilgangur ritgerðarinnar er að veita innsýn í þá þróun sem átt hefur og er að eiga sér stað í stefnumótun um menntun fullorðinna á Íslandi, nánar tiltekið aðgengi að framhaldsfræðslu eftir lagasetningu árið 2010 til ársins 2015, þegar þessi ritgerð er rituð. Orðið eða hugtakið „framhaldsfræðsla“ er notað í þessari ritgerð í ljósi tilveru þess í lögum um framhaldsfræðslu sem sett voru árið 2010 (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Margir aðilar bjóða með einum eða öðrum hætti upp á ýmis námskeið eða leiðir til að auka þekkingu fyrir þann aldurshóp sem um er rætt, í þessari ritgerð er hins vegar til umfjöllunar það framboð náms sem heyrir undir Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur verið viðurkennt af yfirvöldum sem slíkt.

Til að svara ritgerðarspurningunni er fjallað er um af hverju menntun er talin mikilvæg, og er hugmyndafræði hagfræðingsins og heimspekingsins Amartya Sen skoðuð í fyrri hluta ritgerðar í því samhengi. Sen leggur áherslu á frelsi einstaklingsins og hvernig það getur aukið gildi hans sem einstaklings, bæði persónulega og sem hluti af sjálfbæru samfélagi að einstaklingurinn hafi tækifæri til að efla færni sína og virkni. Sömu hugmyndir er einnig að finna í Hvítbók sem er yfirlýst stefna yfirvalta í menntamálum. Þar kemur m.a. fram að traust menntun leggji grunn að öflugu atvinnulífi og stuðli að aukinni velsæld borgaranna. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti). Hugmyndir Sen skapa ákveðinn grundvöll til viðmiðunar í umræðunni um aðgengi að framhaldsfræðslu og eru ræddar og bornar saman við þær aðstæður sem Lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, skapa fyrir einstaklinga með litla grunnmenntun. Þær aðstæður er fjallað sérstaklega um í kafla um framhaldsfræðslu og þ.m.t. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, en hægt er að segja að starfsemi FA sé birtingarform þess aðgengis sem um ræðir í ritgerðarspurningunni, að framhaldsskólamenntun fullorðinna, framhaldsfræðslu. Sem dæmi, þróunarstarf á sviði fullorðinsfræðslu (e. adult education), eins og raunfærnimat, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um og þróar í samvinnu við aðila innan framhaldsfræðslu á Íslandi og í samvinnu við önnur evrópulönd. Í þessari ritgerð er með þessari umfjöllun sýnt fram á hvaða úrræði eru í boði fyrir þá sem fara ekki þá hefðbundnu leið að öðlast framhaldsskólapróf rակleitt að loknu grunnskólaprófi og teljast til markhóps Framhaldsfræðslu atvinnulífsins, þ.e. allir sem eru skv. lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 þeir einstaklingar á vinnumarkaði sem eru með stutta formlega skólagöngu að baki og tilheyra ekki hinu formlega

framhaldsskólakerfi. Í síðari hluta ritgerðarinnar er fjallað um áherslur yfirvalda og yfirlýst stefna stjórnvalda er skoðuð í samhengi við umfjöllunarefni ritgerðarinnar.

Aðferðafræði

Um er að ræða heimildaritgerð og hófst ferlið við vinnslu verkefnisins á gerð rannsóknaráætlunar þar sem rannsóknarspurning var skilgreind og heimilda aflað. Í verkefninu er stuðst við afleidd gögn (e. secondary data) og voru heimildir sóttar af veraldarvefnum, úr útgefnum skýrslum, rannsóknum, ritum og bókum. Höfundur lagði ríka áherslu á áreiðanleika, gæði heimilda og að skoða þær með gagnrýnum huga, má í því samhengi nefna fræðilegt efni frá virtum háskólum, útgefin ritverk viðurkenndra fræðimanna sem og útgefnar skýrslur, önnur opinber gögn, lög og reglugerðir.

2 Mikilvægi menntunar

Stjórnarskrá Íslands eru æðstu lög landsins og eru ráðherrar og ráðuneyti þeirra, hvert á sínu málefnasviði, æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdavaldinu er skylt að starfa samkvæmt stjórnarskránni. Í stjórnarskránni eru m.a. ákvæði til verndar grundvallarréttindum borgara landsins, frelsis og jafnræðis. Lögð er áhersla á jöfn félagsleg réttindi og ber löggjafavaldinu skylda til þess að kveða þannig um rétt manna að hann sé jafnt tryggður öllum borgurum landsins, allir hafi jafnan rétt til almennrar menntunar og fræðslu. (Stjórnarskrá Íslands nr. 1944 nr. 33 17. Júní). Í 76. gr. Stjórnarskrárinnar segir „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“ Í þessu samhengi er hægt að líta á sem svo að með setningu laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 hafi verið mörkuð kaflaskipti hvað varðar menntun fullorðinna með litla grunnmenntun enda hafði sá málaflokkur áður skipað minni sess í skólakerfinu sem heild. Áður var sérstaklega lögð áhersla á grunnskóla- og framhaldsskólakerfið og fullorðinsfræðsla heyrði undir framhaldsskólakerfið t.d. öldungadeildir framhaldsskóla, einnig heyrði starfsnám, því tengt, undir félagsmálaráðuneyti og starfsnám í fiskvinnslu heyrði undir sjávarútvegsráðuneyti. Margir féllu utan við hinn formlega ramma framhaldsskólakerfisins af ýmsum ástæðum, t.d. vegna heimilisaðstæðna og hurfu frá framhaldsskólanámi og fóru út á vinnumarkaðinn. Lögin um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 mynda skýrari ramma en var áður utan um málaflokk eldri nemenda en þeim er m.a. ætlað að skapa aukinn grundvöll fyrir þennan stóra hóp fólks á vinnumarkaði með litla

grunnmenntun. Hlutfall fullorðinna á Íslandi, á aldrinum 25 - 64 ára, án framhaldsskólaprófs er 30%, það fimmta hæsta meðal OECD- ríkjanna.

Lögin stuðla að því að skapa tækifæri, auka þróunarstarf, t.a.m. um mat á færni, auk þess sem málaflokknum er tryggt fjármagn í fjárlögum Alþingis ár hvert með framlögum í Fræðslusjóð. (Lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010). Framkvæmdavaldið á þessu sviði, Mennta- og menningamálaráðuneytið, er með þessu móti, eftir setningu laga um framhaldsfræðslu, ætlað að vera betur í stakk búið til að stuðla að auknu jafnræði hvað varðar aðgengi og tækifæri til menntunar, fyrir alla borgara landsins á öllum aldri. Markmið eru skýr í Lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, 2. grein en þar segir m.a. „Markmið framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum er: að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju“.

Hugmyndafræði - menntun og lífsgæði

Í þessum undirkafla verður fjallað um fræðilegar hugmyndir sem auka skilning okkar á mikilvægi þess að byggja upp mannauð, í formi menntunar og þekkingar með tilliti til hugmynda um frelsi einstaklingsins og lífsgæði. Fjallað er um mikilvægi mannauðsins sem er hluti af þróun og mótun í sjálfbæru samfélagi og er sérstaklega fjallað, í því samhengi, um hugmyndir Amartya Sen um frelsi, getu, virkni og færni einstaklingsins innan samfélagsins.

Færninálgun Amartya Sen er hugmyndafræði sem víkkar sjónarsviðið í hugmyndum um það hvernig hagfræðilegar og heimspekilegar aðferðir eru notaðar til að meta lífsgæði og velferð en tilhneygingin í stefnumótun er gjarnan sú að líta í meiri mæli til mælinga með tilliti til þjóðhagslegs ávinnings heldur en út frá lífsgæðum einstaklinganna sjálfra. Hagfræðin er notuð til að mæla, meta, lýsa og spá fyrir um og bendir færninálgun Sen á að líta á og nýta aðferðir innan hagfræði og heimspeki út frá víðara samhengi.

Í daglegu tali og umfjöllun er viðleitnin gjarnan sú að umræðan er einskorðuð við og vísar í tölulegar staðreyndir, eins og fjölda nemenda, þar sem hver nemandi er tala, bakvið hann eru tölur eins og hvað menntun nemandans kostar samfélagið, t.d. í formi framlags í fjárlögum til þess menntakerfis sem hann tilheyrir og hverju skilar nemandinn í formi fjárhæða út í samfélagið og það hagkerfi sem hann tilheyrir. Hugmyndafræði Sen er til þess fallin að skapa víðsýni og er viðbót við hugmyndafræði í mótun menntakerfis í sjálfbæru samfélagi og skilgreiningar í umræðunni eins og t.d. þá að nemendur má líta á sem vinnuafli sem hefur það mikilvæga hlutverk í hagkerfinu að skapa mannauð framtíðarinnar. Mannauður (e. human

capital) er hugtak innan hagfræðinnar yfir þá þekkingu og færni sem vinnumarkaðurinn býr yfir í þeim manneskjum sem hann telur og teljast sem verðmæti. Þekking og færni er m.a. áunnin í hinu formlega skólakerfi, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, starfsmenntun, háskóla og með starfsþjálfun og menntun fullorðinna sem þegar er á vinnumarkaði. Aukin áhersla á uppbyggingu mannauðs stuðlar að auknum hagvexti. (Mankiw og Taylor, 2006).

Samkvæmt Sen ætti grundvallar markmið og tilgangur í stefnumótun og hugmyndum um hagvöxt að beinast að raunverulegum lífsgæðum einstaklingsins, sem hann útfærir í færninálgun (e. capability approach). (Sen, 1979).

Amartya Sen, fæddur 3. nóvember 1933 í Indlandi, fékk Nóbelsverðlaun á sviði hagfræði árið 1998 fyrir störf sín í þágu fræða um velferðarhagfræði. Amartya Sen sem er prófessor í hagfræði og heimspeki hefur gefið út mikið efni, bækur, rit og rannsóknir sem fjalla t.a.m. um þróunarfræði og velferðarhagfræði. (Nobel prize, 1998). Sen er ekki síst þekktur fyrir færninálgunina (e. capability approach) sem hann þróaði í verkum sínum sem gagnrýnin afskipti og hugmyndafræði í stefnumótun og þróun samfélaga.

Færninálgun Sen kom upphaflega fram árið 1979 sem áhersla í fyrirlestrum hans við Stanford háskóla, yfirheiti fyrirlestranna er „Equality of what?“ (isl. Jafnræði hvers?) sem var útgefið sem hluti af ritasafni en hefur haldið áfram að þróast í ritverkum hans síðan þá. Sen þróaði í framhaldi hugmyndir sínar um færninálgunina í samstarfi við fleiri fræðimenn og má þar sérstaklega nefna Mörthu Nussbaum sem Sen segir að hafi hjálpað m.a. við að dýpka skilning hans á tengingu færninálgunarinnar við heimspeki Aritótelesar. Í framhaldi, árin 1987 – 1989 varð til ritgerðasafn um hugmyndafræðina með heimspekilegri og hagfræðilegri nálgun og árið 1993 kom út bókin „The quality of life“ (isl. Lífsgæði). Þar leggja þau, Sen og Nussbaum, áherslu á skilgreiningar og mælingar á lífsgæðum og takast á við þann vanda er þeim fylgir í fræðilegu samhengi. Þau fjalla um heimspekilegar skilgreiningar um velferð og tengja við praktísk viðfangsefni, sem dæmi framboð heilsugæslu í tengslum við mat á lífsgæðum kvenna. Verkið endurspeglar hina vaxandi þörf á þverfaglegri nálgun og sýnir fram á nauðsyn þess að horfa, m.a. með hagfræðilegri nálgun í stefnumótun, einnig til heimspekilegra skilgreininga og hugmynda um, oft flókin, mannleg og praktísk atriði. (Sen og Nussbaum, 1993). Amartya Sen hefur haldið þróun á færninálguninni áfram síðan hann kom fram með hana upphaflega og gefið út fjölda ritverka sem fjalla um hugmyndafræðina en margir fræðimenn hafa bæst við síðustu ár og aukið við dýpt hugmyndafræðinnar.

Færninálgunin hefur m.a. verið notuð af Sameinuðu þjóðunum í þróunarstarfi í þróunarríkjum og hefur hún sýnt gildi sitt með því að víkka hugmyndafræðina, t.d. frá þröngt afmörkuðum hagfræðilegum útreikningum til heimspekilegrar hugmyndafræði um lífsgæði. Mikilvægt atriði

Í þeirri umræðu um lífsgæði er það að hér er fátækt skilgreind sem skortur eða skerðing á möguleikum einstaklinganna, íbúa viðkomandi samfélags, til að geta lifað góðu lífi. Þróun eða framþróun í samfélagi og innan viðkomandi hagkerfis, verður við aukningu þessara möguleika til þeirrar getu einstaklinganna. Þróun í samfélagi verður í þessu samhengi með því að gefa fólki meira frelsi til að lifa sínu lífi eftir þeirra eigin sannfæringu um gildi sem leiðir af sér að einstaklingarnir þróa eiginleika og hæfileika sína og fá tækifæri til að nota þá. Lykilatriði eru að lifa löngu, heilsusamlegu og skapandi lífi, að hafa þekkingu og færni til að lifa mannsæmandi lífi. Mikilvægt er að skapa réttar aðstæður svo þróun geti átt sér stað á öllum sviðum í samfélaginu. Annað lykilatriði er það að hugmyndafræðin felur í sér valfrelsi samhliða fleiri valkostum. Hún felur ekki í sér skyldu einstaklinga til að nýta sér aukna valkosti. (Sen, 1999). Sen tekur í færninálgun sinni tillit til margbreytileika í fjölbreyttum samfélögum heimsins. Nálgunin hefur þótt gagnleg leið til að skoða félagslegt jafnrétti (e. social justice), þ.m.t. kynjajafnrétti í menntamálum. Sem dæmi um það er menningarlegur bakgrunnur, þar sem t.d. stúlkum eða konum er meinaður aðgangur að menntun. Einnig mætti í því samhengi líta til þeirra stúlkna sem verða ófrískar á framhaldsskólaaldri á Íslandi. Samkvæmt hugmyndafræðinni væri tilvalið að skapa aðstæður sem auðveldar þeim stúlkum að hefja nám að nýju. Sen leggur áherslu á félagslegan vöxt í samfélögum og að bæta lífsgæði þegna og gagnrýnir að of mikil áhersla sé lögð á efnahagslegan vöxt á kostnað þess félagslega. Nauðsynleg þróun í samfélagi sé t.d. sú að bæta tækifæri til menntunar og fleiri félagslega þætti og þar með auka möguleika einstaklinga til að öðlast aukna færni.

Sen leggur áherslu á að samtvinna jafnfætis efnahagslega þætti samfélags sem og félagslega, þ.e. samhliða því að byggja upp efnahagslega möguleika þarf að vinna á félagslegum skorti og krefst þróun þess að útrýma þarf ójöfnuði og óréttlæti. Lykilatriði í áherslum Sen er að styrkja þær stoðir í samfélagi sem stuðla að frelsi og að útrýma þeim þáttum sem eru þess valdandi að skerða frelsi einstaklingsins, sem dæmi stjórnarhættir á borð við harðstjórn. Ef við færum hugmyndina yfir á íslenskt samfélag má einnig nefna sem dæmi aðferðir stjórnvalda í stefnumótun og framkvæmd, t.d. framlag til framhaldsfræðslu í fjárlögum á Alþingi, þróunarvinna í menntamálum, dreifing úrræða í menntun og aðgengi að menntun um landið. Einnig má taka hér fram sem dæmi um aðstæður einstaklinga, t.d. það að auka tækifæri og möguleika á borð við fjarnám o.fl. fyrir einstaklinga sem hafa þurft að hverfa frá námi í formlega framhaldsskólakerfinu, þá má í þessu samhengi líta á skort á þeim tækifærum sem skerðingu viðkomandi einstaklinga á möguleikum til þess að öðlast aukna færni.

Sen metur frelsi einstaklinga út frá færnimöguleikum, getu og möguleika einstaklings til að taka eigin ákvarðanir og tækifæri til að þróa og efla eigin hæfileika, bæði í ytri skilningi, til dæmis

aðstæður sem viðkomandi býr við, og innri skilningi, t.d. eiginleikar, fötlun, fjölskylduaðstæður og bakgrunnur. Þarna bendir færinálgun Sen á mikilvægi þess að þróa aðstæður í samfélagi sem skilar frelsi einstaklings þegar kemur að eigin velferð (e. wellbeing freedom). (Sen, 1999). Grundvallarhugmynd færinálgunar Amartya Sen snýst um lífsgæði einstaklinga og raunverulega möguleika þeirra til að ná þeim fram. Til að greina lífsgæðin er lögð áhersla á frelsi og jafnframt megin atriði nálgunarinnar hugtökin, færni (e. capability) og virkni (e. functionings) sem eru náskyld og tengjast hvort öðru en þó aðskilin á ákveðin hátt.

Virkni (e. functionings). Í hugtakinu virkni felst geta og möguleikar einstaklings, og er átt við allt sem manneskja, einstaklingurinn, er, getur og gerir. Til einföldunar má segja um virkni að það nær utan um allt það sem manneskja er, hvað hún aðhefst, framkvæmir og afrekar.

Færni (e. capability) er samsett úr fjölbreyttri virkni manneskjunnar, sem hún getur náð valdi á og hefur haft frelsi til. Til einföldunar, um færni má segja að nái utan um getuna og frelsi manneskjunnar til að vera, aðhafast, framkvæma og afreka.

Íslensku tungunni virðast oft takmörk sett en mikilvægt er að hugsa um orðavalið hér í dýpstu merkingu hvers orðs. Í daglegu tali á Íslandi gerist það gjarnan að með mikilli notkun orðs í einni merkingu verður önnur merking þess rýrari, jafnvel gleymd. Með orðinu færni er þannig gjarnan talað um þá merkingu að einstaklingur sé góður í einhverju, t.d. fær dansari. En hér er merking orðsins mun víðari og dýpri, t.d. að vera fær um eitthvað. Það sama má segja um orðið virkni, allt sem í því fellst að vera virkur einstaklingur.

Færni er því margfeldi virkni, sem endurspeglar frelsi einstaklingsins til að lifa og haga sínu lífi eftir eigin vali. Virkni er þannig meira hægt að tengja við ólíkar aðstæður sem manneskja lifir við. Færni er hins vegar meira tengd við frelsi, frelsi til að velja, raunveruleg tækifæri sem viðkomandi hefur val um samkvæmt eigin sannfæringu og eigið líf sem hann lifir. Þannig má taka sem dæmi virknina að vera vel nærður. Sen tekur dæmi um tvær manneskjur, annars vegar þá sem er vannærð vegna hungursneyðar og hins vegar þá sem er vannærð vegna þess að hún ákvað sjálf að næra sig ekki. Báðar skortir virknina, þ.e. að næra sig, en grundvallarmunur er á frelsi þessara tveggja til færninnar, þ.e. frelsis til að geta. (Sen, 1992).

Þegar við vegum, metum og mótum þætti samfélagsins, þætti eins og menntun, þá er það einnig færni fólksins sem þarf að vera leiðarvísirinn. Fjármagn, framboð menntunar o.fl. eru einungis þættir sem eru hluti að leiðinni að markinu og markið er þá að hámarka velferð einstaklinganna í samfélaginu. Ein aðaláhersla í færinálgun Sen er á að skapa einstaklingum umhverfi í sínu samfélagi þar sem þeir hafa getu, færni og möguleika til að vera áhrifavaldar í sínu eigin lífi. Að hafa lært að lesa og að hafa aðgang að bókum eða dagblöðum er einfalt dæmi, en gerður er greinarmunur á, annars vegar tækifærunum og möguleikunum til að aðhafast og hins vegar því

sem raunverulega er aðhafst, afrekað með þeim. Sem dæmi, sá sem hefur verið kennt að lesa, les ekki endilega bækur eða dagblöð. Þessi greinarmunur er mikilvægur þegar við metum virkni og færni vegna þess að ef við notumst einungis við mælingar á virkni, til dæmis hve margir fara í ákveðinn skóla og útskrifast, gefa niðurstöður einungis lítið brot af heildarmyndinni. Á bakvið einstaklingana getur verið mismunandi bakgrunnur og það er sá mismunur sem skiptir ekki síður máli þegar mótuð er stefna í menntamálum og jafnframt aðgengi að menntun ákvörðuð. Tökum dæmi um tvær konur sem stunduðu framhaldsfræðslu, báðar eru 29 ára, útskrifast með sömu einkunnir, úr sama skóla með ígildi stúdentsprófs. Önnur konan á vel stæða foreldra sem hún bjó hjá á meðan náminu stóð, býr að uppeldi ástríkra foreldra, í stöndugum kaupstað, þar sem hún hafði notið stuðnings og andlegrar uppörvunar og grunnskólamenntun hennar var vönduð og góður grundvöllur fyrir annað nám. Hin konan er einstæð móðir með tvö börn, hún á enga að til aðstoðar. Hún er alin upp í afskekktu þorpi á tíma mikils niðurskurðar, uppeldi hennar var mótað af ofbeldi af hendi foreldris og kljáist hún enn við sálfræðilegar afleiðingar þess. Á daginn, sér hún um uppeldi barna sinna, stundar vinnu og fer í skólann, á kvöldin og næturnar les hún námsefnið. Grunnskólamenntun hennar þjónar henni sem bágur grundvöllur fyrir framhaldsfræðslu, bæði sökum aðstæðna sem voru heima fyrir og vegna þess að grunnskólinn var með slaka stjórnun og náði ekki að veita þann fullnægjandi grundvöll sem grunnskóla ber. Í þessu dæmi er virkni kvennanna sú sama en færni þeirra er gjörólík. Þannig er hægt að segja að færninálgunin krefjist þess að við metum ekki einungis virkni heldur einnig raunverulegt frelsi og tækifæri sem hver nemandi getur valið úr og afrekað eftir eigin höfði. Þannig virkar færninálgunin sem aðferðafræði til að meta m.a. raunverulega kosti og ávinning menntunar og eins til að greina ókosti, svæðisbundin atriði, bakgrunn nemenda og hindranir og jafnvel útilokun frá tækifærum.

Þegar við lítum til framhaldsfræðslu, er hjálplegt að skoða samhliða áherslur færninálgunar Amartya Sen. Með því að setja þarfir fólksins í forgrunn í stað þarfa efnahagskerfis sýnir færninálgunin fram á mikilvægi jafnræðis og þess að skapa fólki tækifæri með tilliti til mannlegra þátta. Þar má nefna félagsfræðilegar aðstæður, almenn réttindi svo sem jöfn réttindi til atvinnu og menntunar, einnig sem dæmi aðstæður sem geta stuðlað að skerðingu eða aukningu á því frelsi að geta aukið færni með menntun. Í umræðunni um framhaldsfræðslu má nefna fleiri dæmi en aðstæður ungra mæðra, í þessu samhengi, t.d. aðstæður innflytjenda og menningarlegur bakgrunnur þeirra, einnig fólk sem býr við meðfædda röskun, t.d. heyrnarleysi eða námsörðugleika á borð við lesblindu, einnig má hér nefna, í samhengi við aukna umræðu á Íslandi síðustu ár, þá sem eru með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD) o.m.fl.

Umræðan um menntun sem gæði í sjálfu sér, er á víðum vettvangi, má þar nefna Stjórnarskrá Íslands, sem og fleiri landa, Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, EFA (e. education for all movement), (isl. menntun fyrir alla, hreyfing, deild innan UNESCO). Það sem átt er við er að hin viðtekna hugmynd er sú að menntun er álitin fela í sér eiginleg gæði (e. intrinsic good), þ.e. jafnt tækifæri til tekjuöflunar, verndun eigin heilsufars og afkvæma og möguleika á að hafa áhrif á eigið samfélag svo fátt eitt sé nefnt. Þess vegna er menntun almennt talin vera, góð fyrir konur og menn, vegna þess að menntun og þekking er þannig góð í sjálfri sér. Í samfélagi þar sem almennt jafnræði ríkir er manneskja sem hlotið hefur menntun/þekkingu því talin hafa færi á að lifa meira fullnægjandi lífi heldur en ómenntuð manneskja, jafnvel þó að hin menntaða hagnist ekki beint á menntuninni fjárhagslega. Þetta er ekki með tilliti til neinnar ákveðinnar menntunar og jafnframt með það fyrir augum að viðhorf og hugmyndir um menntun, í hvaða formi sem hún er, kunna að vera ólík milli þjóða. Færninálgun Sen bendir á leið til að skilja eðli hinna eiginlegu gæða sem fólgin eru í menntun þar sem hún aðgreinir þætti, annars vegar þá sem við öðlumst með menntun í menntakerfinu, skólum, námskeiðum, og hins vegar þá sem við öðlumst í formi færni, sem dæmi starfsreynsla, þátttaka í samfélaginu. Þar er einnig frelsi, möguleikar og færni metin, í víðari skilningi, sem getan til að taka afstöðu og skilja umræðu, t.d. í fréttamiðlum, bókum og ljósvakamiðlum. Einnig, getan og möguleikarnir, til að taka þátt í umræðunni um fræðslu, um hvað ætti að vera kennt, hvað þarf að læra og vera metin að verðleikum sem vitsmunavera. Færninálgunin gefur með þessu dýpri skilning og veitir menntun víðara gildi heldur en aðrar nálganir eða hugmyndafræði, sem hafa átt það til að vera afmarkaðar af mælingum eins og beinum áhrifum menntunar á hagkerfið t.d. með aukinni vergri landsframleiðslu. (Unterhalter, E. og Walker, M. 2007).

Nám utan hins formlega skólakerfis

Eitt af markmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar á komandi árum en um það er fjallað sérstaklega síðar í þessari ritgerð. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014) Einn þáttur í þeirri stefnu er að móta aðgengi að framhaldsskólamenntun á Íslandi fyrir þá sem eru eldri en þeir sem eiga aðgengi í hið formlega framhaldsskólakerfi. Þegar nám fyrir fullorðna, utan hins formlega skólakerfis á Íslandi, er skoðað er gagnlegt að hafa til hliðsjónar hugmyndir Amartya Sen sem bendir okkur á að horfa á málefnið út frá einstaklingnum. Mikilvægt atriði er að taka burtu það sem skerðir möguleika og tækifæri samhliða því að bjóða fram fleiri möguleika, t.d. auka framboð úrræða og tækifæra

til menntunar t.d. auka fjölda námsleiða. Þannig er stuðlað að því að fleiri nemendur bætast við hóp eldri nemenda, þeir sem ekki gátu nýtt sér framboðið áður t.d. sökum heimilisaðstæðna, barnaupveldis og fleira. Rannsóknir eru ekki margar, enn sem komið er, á reynslu nemenda af því að hefja nám að nýju í framhaldsfræðslu eftir að hafa fallið frá hinu formlega framhaldsskólakerfi.

Árið 2012 framkvæmdi Guðrún Jóna Magnúsdóttir eigindlega rannsókn sem jafnframt var lokaverkefni hennar til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Niðurstöður Guðrúnar gefa til kynna mikilvægi þess að skoða vel aðstæður fullorðinna nemenda og ástæður þess að þeir hætta í framhaldsskólanámi. Rannsóknin ber titilinn, „Þetta var fyrsta og stærsta skrefið - þróun náms- og starfsferils fullorðinna sem hefja nám að nýju“ og fjallar um fullorðna sem hófu nám að nýju í hinu óformlega skólakerfi. Guðrún Jóna byggir rannsókn sína á viðtölum við sex kvenkyns nemendur á aldrinum 26 til 54 ára sem luku námi á framhaldsskólastigi frá Menntastöðum árið 2011. Með rannsókninni vill Guðrún auka skilning á aðstæðum nemenda sem hverfa frá hefðbundnum leiðum í framhaldsskóla námi og fara síðar í nám í óformlega skólakerfi. Guðrún skoðaði sérstaklega ástæður brottfalls viðkomandi nemenda, þ.e. hvað varð til þess að þeir hættu í námi á sínum tíma og hvaða ávinnings þeir nutu af því að fara aftur í nám. Guðrún bendir á að mikilvægt er að átta sig á því að fullorðnir nemendur geta verið frábrugðnir ungum nemendum þar sem aðstæður þeirra og reynsluheimur getur verið annar, hún bendir jafnframt á að upplifun þeirra geti varpað ljósi á þarfir fullorðinna þegar kemur að námi. Tekið er tillit til þessa í markmiðum Laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 sem koma þar fram í 2. grein, þar sem talað er um að veita einstaklingum á vinnumarkaði viðeigandi námstækifæri og að auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Í verki sínu bendir Guðrún einnig á þá staðreynd hve lítið upplifun nemenda hefur verið rannsökuð en samhliða umfjöllun á eigin niðurstöðum bendir hún á þrjár aðrar rannsóknir þar sem þátttakendur komu úr leikskólaliðanámi, raunfærnimati og Grunnmenntaskólanum. Niðurstöður þessara rannsókna er hægt að skoða samhliða niðurstöðum Guðrúnar, sem m.a. voru þær að ástæður þess að þeir hættu framhaldsskólanámi var að nemendurnar skorti sjálfstraust og höfðu litla trú á eigin getu. (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012). Þessar niðurstöður í samhengi við hugmyndir Amartya Sen sem fjallað er um í fyrri hluta ritgeðar gefa ákveðnar vísbendingar um það að nauðsynlegt er að rannsaka hvaða grunnur og aðstæður eru fyrir hendi í samfélaginu og skólakerfinu sem gætu verið áhrifavaldar þess að einstaklingar hafi ekki nægilega trú á eigin getu til að fara í gegnum framhaldsskólanám og klára það.

3 Framhaldsfræðsla

Þann 1. október 2010 tóku gildi lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 en það eru þau lög sem framhaldsfræðslukerfið starfar samkvæmt í núverandi mynd. Lög um fullorðinsfræðslu voru fyrst sett árið 1992 en þau voru felld úr gildi árið 1996 og málaflokkurinn felldur undir lög um framhaldsskóla sem heimild í lögum fyrir rekstur öldungardeilda, endurmenntunarnámskeið og starf fullorðinsfræðslumiðstöðvar með samstarfi framhaldsskóla. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992 voru einnig sett árið 1992 en skv. 4. grein þeirra laga heyrði starfsmenntun í atvinnulífinu undir Félagsmálaráðuneytið og starfsmenntun í fiskvinnslu undir Sjávarútvegsráðuneytið (Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, 2008-2009). Við gildistöku laga um framhaldsfræðslu árið 2010 féllu á brott lög um starfsmenntun nr. 19/1992 og var málaflokkurinn færður undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Hin hefðbundna leið í framhaldsskólamenntun á Íslandi er sú að stefna rակleidis að loknu grunnskólanámi í nám við framhaldsskóla. Hvort sem um er að ræða stúdentspróf eða starfsnám er námstíminn að jafnaði fjögur ár hjá þeim sem ljúka prófi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, bls. 32). Framhaldsskólar á Íslandi heyra undir Mennta- og menningarmálaráðuneyti og starfa samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Í 2. gr. laganna er fjallað um hlutverk framhaldsskóla. Þar kemur m.a. fram að: „Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi“. Einnig kveða lögin að: „Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.“ (Sbr. 2.gr. Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008 12. Júní).

Með setningu laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 urðu kaflaskipti í mótun og uppbyggingu innan menntakerfisins um fræðslu fullorðinna þar sem með lagasetningunni var búinn til farvegur sem afmarkaði með skýrari hætti málefni þeirra sem ekki höfðu gengið menntaveginum í hinu formlega framhaldsskólakerfi. Kerfið sem unnið er eftir er því enn á miklu þróunarstigi með tilliti til þeirra laga og hefur málaflokkurinn tekið örum breytingum á fáum árum í ljósi þess að fyrsta starfsárið eftir kerfinu í núverandi mynd var árið 2011 (Capacent, 2014).

Síðastliðin ár hefur þróun og umræða í málefnum um menntun fullorðinna aukist umtalsvert á Íslandi. Orð og hugtök, um málefnið, á íslenskri tungu eru því enn í mikilli mótun. Orðið framhaldsfræðsla er nýyrði sem leit dagsins ljós þegar lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi þann 22. mars 2010. Skilgreining orðsins „framhaldsfræðsla“ er svohljóðandi:

„Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.“ (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010).

Fræðslumiðstöð

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA), sem var stofnuð árið 2002, er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. FA starfar samkvæmt þjónustusamningi við Mennta- og menningamálaráðuneytið og hefur m.a. það hlutverk að halda utan um þróun og eflingu framhaldsfræðslu. (Menntamálaráðuneyti, 2015). Markmið FA er að stuðla að þróun og eflingu framhaldsfræðslu og telur markhópurinn þá sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla en það er u.þ.b. 28% fólks á vinnumarkaði á aldrinum 25 – 64 ára. (FA, Um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2015). Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins telur megin verkefni sín upp á vefsíðu sinni með eftirfarandi hætti:

Efla framboð á námstilboðum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun. Greina námsþarfir hjá fyrirtækjum, starfsstéttum og einstaklingum í markhópnum. Lýsa námstilboðum í námskrám. Vera í samstarfi við fræðsluaðila svo sem símenntunarmiðstöðvar um framkvæmd námstilboða.

Fá námstilboðin metin svo og raunfærni starfsfólks á vinnumarkaði.

Fá viðurkenningu á færni og þekkingu sem aflað er á námskeiðum.

Fá viðurkenningu á færni, sem aflað er með starfsreynslu, sjálfsnámi o. fl.

Stytta námstímann fyrir þá sem vilja fara í nám.

Auka gæði náms í fullorðinsfræðslu og starfsfræðslu á vinnumarkaði.

Byggja upp miðstöð kennslufræðilegrar þekkingar í fullorðinsfræðslu.

Þjálfa kennara hjá fullorðinsfræðsluaðilum.

Hvetja til náms: Byggja upp náms- og starfsráðgjöf á vinnumarkaði.

Byggja upp námsferilsskrár. Miðla upplýsingum um mat á námi og færni.

Safna og miðla upplýsingum um námstilboð fyrir markhópinn.“

(FA, Um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2015).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins flokkast sem stofnun undir Mennta- og menningarmálaráðuneyti og heldur utan um víðtæka starfsemi framhaldsfræðslukerfisins. Eins og í öllu öðru námi hvort sem um er að ræða grunnskóla, framhaldsskóla eða háskóla, þá eru margir þættir sem mynda svo stóran málaflokk sem framhaldsfræðslan er. Starfsemi FA, sem nánar er fjallað um í næstu

undirköflum ritgarðarinnar, nær m.a. utan um og annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans og framfylgir jafnframt hlutverki sjóðsins sem er að stuðla að því að einstaklingar með stutta formlega skólagöngu að baki hafi möguleika í boði til viðeigandi námstækifæra. Þróunarstarf á sviði framhaldsfræðslu er að stórum hluta í höndum FA og á miðstöðin í samstarfi við símenntunarstöðvar víðsvegar um langið í þeim efnum og önnur Evrópulönd, má þar nefna sem dæmi Tilraunaverkefni um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi en að því koma aðilar frá Farskólanum – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Háskólinn á Bifröst. (Háskólinn á Bifröst, 2014). Einnig má nefna IPA verkefni á vegum FA um starfsmenntun í atvinnulífinu þar sem til umfjöllunar var þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Verkefnið var eitt af IPA verkefnum en þau hafa þann tilgang að styðja við þau lönd sem vinna að undirbúningi fyrir aðild að ESB. Vert er að taka fram að í kjölfar þess að íslensk yfirvöld stöðvuðu aðildarviðræður að Evrópusambandinu hafa IPA verkefnin ekki lengur fjárhagslegan stuðning frá ESB. Það hefur því raskað þeim verkefnum sem eru einungis hluti af starfsemi FA. (Sendinefnd ESB á Íslandi, 2013). FA sér um að semja námskrár og vinnur náðið að þróun þeirra með samstarfsaðilum innan framhaldsfræðslu, þar er m.a. lykilatriði að samtvinna uppbyggingu námsins sem endurspeglar í því að mæta þörfum nemenda í framhaldsfræðslu og þörfum í atvinnulífinu. Námskrárnar eru gerðar með tilliti til þess að þær falli undir hinn íslenska hæfniramma og tryggir þar með að það nám sem flokkast undir og er vottað í kerfi framhaldsfræðslu er metið sem hluti af menntakerfinu í heild. Raunfærnimat er mikilvægt atriði í framhaldsfræðslu þar sem metin er hæfni eða færni einstaklinga óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Niðurstöður eru nýtsamlegar fyrir nemendur sem geta þá haldið áfram námi þar sem þær eru metnar á viðeigandi þrepi innan hins íslenska hæfniramma. Raunfærni skipar þar með stórt hlutverk í samfélaginu með því að varpa skýrara ljósi á mannauðinn í samfélaginu og jafnframt auka jafnrétti og stuðlar að því að jafna stöðu markhóps framhaldsfræðslunnar til þátttöku í þekkingarsamfélaginu. Raunfærnimatið er því hvetjandi fyrir markhópin að öðlast aukna menntun og stuðlar þannig að auknum hagvexti í landinu samhliða hækkun menntastigsins. (FA, Raunfærnimat, 2015). Mikilvægur þáttur í raunfærnimati er náms- og starfsráðgjöf en gerð er krafa um að þeir sem gangast undir raunfærnimat fái slíka ráðgjöf. Náms- og starfsráðgjöf er eitt af lykil hlutverkum FA sem fellt í því að hafa umsjón með þróun þeirrar þjónustu fyrir markhóp framhaldsfræðslu, þeim að kostnaðarlausu. Sú vinna er fólgin í samstarfi FA við aðila í fræðslumálum sem tilheyra samstarfsneti FA. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur utan hugmyndafræði innan framhaldsfræðslunnar með þróun og miðlun fræðanna til aðila sem starfa innan geirans. Í þeirri

viðleitni FA til að tryggja gæði fræðslustarfsins býður FA upp á námskeið og fræðslu til aðilanna. Námskeiðin, sem nefnast Stiklur, eru ætluð til að henta kennurum, leiðbeinendum, náms- og starfsráðgjöfum, starfsmönnum og stjórnendum við símenntunarstofnanir og eru námskeiðin m.a. unnin eftir hinum evrópska viðmiðunarramma (EQF) og þeim átta hæfniprepum sem þar koma fram. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir jafnframt því hlutverki að vera vottunaraðili evrópska gæðamerkisins eða EQM á Íslandi. EQM er gæðamerki og vottun þeirra fræðsluaðila í framhaldsfræðslu sem eru fyrir utan hið formlega skólakerfi í Evrópu og var þróað af átta Evrópulöndum. EQM stendur fyrir enska heitið European Quality Mark (ísl. evrópska gæðamerkið). (FA, Gæðavottun, 2015). FA gefur út ársritið GÁTT með það að markmiði að efla og miðla upplýsingum um alla hugmyndafræði er tengist og nýst getur í framhaldsfræðslu á Íslandi. Ársritið er hægt að nálgast á vefsíðu FA, www.frae.is en þar er einnig að finna fleira útgefið efni Fræðslumiðstöðvarinnar, þ.m.t. skýrslur og kannanir sem gerðar hafa verið á vegum FA o.fl. Auk allra þeirra hlutverka FA sem hér hafa verið talin upp heldur FA úti heimasíðunni www.frae.is þar sem koma fram viðamiklar upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar í heild sinni (Fræðslumiðstöð, e.d.). FA stendur einnig að heimasíðunni www.framhaldsfraedsla.is sem er liður í að auka upplýsingaflæði til markhópsins og er notendaviðmótið sniðið að sjónarhorni einstaklings á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu. Á síðunni er hægt að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um þau úrræði sem eru í boði hjá aðilum á breiðu sviði í framhaldsfræðslu. Fjallað er með ítarlegri hætti, hér í framhaldi þessarar ritgerðar, um þætti í viðamiklu hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í aðgengi að framhaldsfræðslu.

Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir, auk fyrrgreindra verkefna, því hlutverki að annast umsýslu með Fræðslusjóði. Alþingi ákvarðar í fjárlögum hverju sinni hver fjárframlög eru til Fræðslusjóðs sem ráðstafar þeim framlögum eftir úthlutunarreglum sem ráðherra hefur staðfest. Hlutverk Fræðslusjóðs er, skv. lögum um framhaldsfræðslu: „að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.“ (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010).

Hæfniprep

Ísland er meðal 30 Evrópulanda sem vinna hvert sinn hæfniramma til að endurspegla menntakerfi sitt og er ramminn jafnframt í samræmi við evrópskan hæfniramma (e. European Qualifications Framework, EQF). Íslenski hæfniramminn (NQF) er m.a. birtur í aðalnámskrá framhaldsskóla þannig að námslok í hinu formlega framhaldsskólakerfi eru tengd við hæfniprep, en það sama á við um allt menntakerfið. Hæfnirammí Íslands telur sjö þrep en hvert þrep er skilgreint af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir þegar hann lýkur viðkomandi þrepi. Hæfniprepunum er ætlað að vera upplýsandi og hefur birting þeirra í aðalnámskrám skóla jafnframt reglugerðarígildi. Prepunum er ætlað að vera leiðbeinandi við gerð námslýsinga, námsbrauta og námsskráa, fyrir skólakerfi og fræðslukerfi en einnig gagnleg fyrir nemendur svo þeir viti hvaða hæfni ætlast er til að þeir hafi við námslok, með það fyrir augum að tryggja réttan stíganda í námi. Aðilar í atvinnulífinu hafa einnig leiðbeinandi not af hæfniprepunum og geta notað hæfnilýsingu viðkomandi hæfniprepa til hliðsjónar í kröfum sínum til starfsmanna með tilliti til hvaða þrepi þeir hafa lokið samkvæmt rammanum. Þeir aðilar sem starfa á sviði framhaldsfræðslu eru metnir og fá vottun Mennta- og menningamálaráðuneytisins á námsleiðum sínum. Námskrár hinna vottuðu aðila innan framhaldsfræðslu eru þannig tengdar við hæfniprep. Markmið hins íslenska hæfniramma (e. Icelandic Qualifications Framework, NQF) eru: að lýsing á námslokum allra námleiða innan formlega menntakerfisins sé kerfisbundin, þ.m.t. nám innan framhaldsfræðslu, að menntakerfið sé gagnsætt og skiljanlegt, að auka hreyfanleika námsmanna bæði innanlands og milli landa og að vera hvatning til frekara náms. Þeir nemendur sem stunda nám í framhaldsfræðslu hafa þar með ákveðið öryggi af því að stunda nám sem viðurkennt er milli menntakerfa í löndum Evrópu, sér í lagi þegar framhaldsfræðslukerfið á Íslandi hefur verið þróað enn meira. Vinna við að koma vottuðum námsleiðum í framhaldsfræðslu inn í hæfnirammann stendur enn yfir þegar þessir ritgerð er skrifuð en nám í framhaldsfræðslu fellur undir þrep 1 – 4 í íslenska hæfnirammanum skv. leiðbeiningum um gerð námskráa í framhaldsfræðslu sem gefnar eru út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Raunfærnimat, sem fjallað er um síðar í ritgerðinni, er enn í mikilli þróun og er mikilvægur þáttur í að sýna fram á tengingu framhaldsfræðslukerfisins við hið formlega menntakerfi með skýrari hætti. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti - Samanburður hæfniramma, 2012).

Í leiðbeiningum um gerð námskráa í framhaldsfræðslu sem eru útgefnar af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er að finna ítarlegar lýsingar á hverju þrepi íslenska hæfnirammans fyrir sig en í stuttu máli er stigsmunur milli þrepa 1 – 4 eftirfarandi:

Hæfniprep 1: Námið felur í sér almenna menntun, þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.

Hæfniprep 2: Námið felur í sér undirbúning undir sérhæfð störf og sérhæft aðfaranám.

Hæfniprep 3: Námið felur í sér sérhæfðan undirbúning undir háskólanám, sérhæft starfsnám og listnám.

Hæfniprep 4: Námið felur í sér aukna faglega sérhæfingu og/eða dýpkun í tengslum við þróun og nýsköpun.

(Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013)

Mögulegar endurbætur eru í bígerð á íslenska hæfnirammanum í framhaldsfræðslu. Í september árið 2013 var skipaður, af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vinnuhópur um hæfniramma í framhaldsfræðslu. Þegar hæfniramminn kom til sögunnar var aðilum gefin kostur á að gera athugasemdir við hann fyrir 14. júní árið 2013. Vinnuhópurinn hafði það hlutverk að bregðast við þeim athugasemdum með endurskoðun rammans í því tilliti. Hópurinn sendi frá sér skýrslu í febrúar 2015 og kemur þar fram að starfslok í framhaldsfræðslu hafa ekki verið skilgreind í hæfniprepunum. Vinnuhópurinn leggur til að íslensku hæfniprepin verði minnst 8 á sama hátt og í EQF (e. European qualifications framework) og er þar með mótfallinn því að í íslenska hæfnirammanum sé þrep 1 samsvarandi þrepi 1 og 2 í EQF en það er ástæða þess að íslenski hæfniramminn er 7 þrep en EQF er 8 þrep. Ramminn nær í víðasta skilningi yfir allt nám og styður hann þannig við framhaldsfræðsluviðið, lengd náms eða hvar það fer fram vegur minna heldur er áherslan á hvað einstaklingur veit, kann og getur. Litið er til annarra þjóða innan evrópska gæðarammans, EQF, og hefur reynsla þeirra sýnt fram á það að það er hvetjandi fyrir markhóp framhaldsfræðslu að námið falli inn í hæfnirammann og sé þar sýnilegt þannig að nemendur sjá stíganda og framför með námi sínu. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, febrúar 2015).

Megin áherslur yfirvalda í menntamálum koma fram í Hvítbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er þar lögð áhersla á hæfni nemenda og að þeir hafi hæfni til að nema alla ævi, þar segir „Hæfni öðlast menn þó ekki einungis í skólum“. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, bls. 7, 2014). Hæfniramminn er eitt af áhersluatriðum yfirvalda og stuðlar að því að markmið laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 nái fram að ganga. Þegar tryggt er að nám í framhaldsfræðslu fellur innan hæfnirammans verða meginmarkmið laga um framhaldsfræðslu að veruleika þar sem stuðlað er að því að skólakerfið með námi í framhaldsfræðslu þar innanborðs verði að einni heild.

Námskrár, vottun fræðsluaðila

Það er í höndum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að votta námskrár í framhaldsfræðslu, skv. 6. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Í vottun er gerð krafa um að viðkomandi nám hafi verið tengt við hin íslensku hæfniprep í íslenska hæfnirammanum.

Námsleiðir í boði í framhaldsfræðslu

Framhaldsfræðsla er það nám og námsleiðir hjá þeim fræðsluaðilum sem hafa fengið formlega viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þeir aðilar vinna samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og með vottun ráðuneytisins er tryggt að nemendur námleiðanna stunda nám sem fellur inn í íslenska hæfniramman og jafnframt er nám þeirra samkeppnishæft innan þeirra Evrópulanda sem byggja á sama kerfi EQF. Þeir aðilar sem fjallað verður um hér eru í öllum landsfjórðungum og starfa eftir viðurkenndum námskrám í framhaldsfræðslu, auk þátttöku í samstarfi í þróun framhaldsfræðslu, er ásamt námsleiðum, boðið upp á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat sem síðustu ár hefur verið að færast í aukana og sífellt fleiri nýta sér það að fá færni og hæfni sína metna með það fyrir augum að fara aftur í nám.

Menntastoðir er námsleið sem kennd er hjá nokkrum símenntunarstöðvum og metið til 50 – 55 eininga á framhaldsskólastigi, ætlað nemendum sem eru a.m.k. 23 ára og hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Menntastoðir er ein þekktasta leiðin síðustu ár sem aðfaranám í frumgreinadeildir eða háskólabró Háskólanna sem er ætluð til þess að brúa bilið fyrir þá nemendur sem vantar stúdentspróf eða ígildi stúdentsprófs til að halda áfram námi á háskólastigi. Menntastoðir er hægt að stunda hjá SÍMEY á Akureyri, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), MÍMIR- símenntun í Reykjavík og VISKU í Vestmannaeyjum.

Vert er að benda hér, í samhengi við umfjöllun um Menntastoðir, á námsleið sem er í boði hjá Háskólanum á Bifröst, þó að hann sé ekki einn af fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu. Háskólinn á Bifröst býður upp á námsleið sem kallast Háskólagátt og starfar sú námsleið eftir aðalnámskrá framhaldsskólanna og er samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Háskólagáttin á uppruna sinn að rekja til eldri frumgreinadeildar Háskólans á Bifröst sem hún hefur nú tekið við af. Háskólarnir á Íslandi sem og háskólar erlendis hafa veitt nemendum sem hafa útskrifast úr Háskólagáttinni inngöngu en til þess geta þeir nýtt heimild til undanþágu á formlegum inntökuskilyrðum sem veitt er af mennt- og menningarmálaráðuneytinu. Háskólagáttin þjónar sama tilgangi og Menntastoðir og Háskólabrýr (Háskólinn á Bifröst, e.d.).

Eftirtaldir samstarfsaðilar FA sem annast raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og námskeiðahald á fjölbreyttu sviði innan framhaldsfræðslunnar bæði í bóknámi og , eru viðurkenndir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og fá úthlutað fé úr Fræðslusjóði til starfsemi sinnar. Fræðsluaðilarnir 14 eru hér flokkaðir eftir landsfjórðungum eftir þeim lista yfir viðurkennda fræðsluaðila í framhaldsfræðslu sem er að finna á síðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

Höfuðborgarsvæðið:

Framvegis miðstöð símenntunar, Skeifan 11 B, 108 Reykjavík.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins,

Iðan fræðslusetur

Mímir – símenntun

Starfsmennt fræðslusetur

Vesturland:

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Vestfirðir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Norðurland vestra

Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Norðurland eystra

Símey

Þekkingarnet Þingeyinga

Austurland

Austurbrú

Suðurland

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi

Viska fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Suðurnes

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Auk þessara samstarfsaðila hafa eftirtaldir aðilar fengið vottun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til námskeiðahalds í framhaldsfræðslu:

Betri árangur ehf. Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Lítið einkafyrirtæki sem leggur áherslu á íslensku fyrir útlendinga. Ef marka má heimasíðu fyrirtækisins, <https://learningicelandic.wordpress.com/>, hefur ekki verið boðið upp á námskeið hjá Betri árangur ehf. síðan árið 2011.

Félagsmálaskóli alþýðu. Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík. Býður upp á námskeið fyrir talsmenn stéttarféлага, trúnaðarmenn, stjórnarmenn og annað starfsfólk stéttarféлага.

Hringsjá – Náms- og starfsendurhæfing. Hátúni 10d, 105 Reykjavík. Býður upp á náms- og starfsendurhæfingu og er með gæðavottun EQM. Námið er sérsniðið fyrir þá sem vilja komast á vinnumarkað á ný eftir hlé vegna slysa, sjúkdóma eða annarra áfalla. (Hringsjá, e.d.).

Jafnréttishús. Strandgötu 25, 220 Hafnarfjörður. Miðar þjónustu sína við markhóp sem skipar innflytjendur á Íslandi, Íslendinga með áhuga á málefnum um fjölmenningu. (Jafnréttishús, e.d.).

Málaskólinn Lingva. Kennsla fer fram í húsakynnum Fjölbrautaskólans í Ármúla, Reykjavík. Sérhæfir sig tungumálanámskeiðum, áhersla á íslensku fyrir útlendinga. (Málaskólinn Lingva, e.d.).

Múltíkúltí – menningarmiðstöð ehf. Barónstígur 3, 101 Reykjavík. Miðstöð sem starfar með það að markmiði að stuðla að auknum og bættem samskiptum fólks af ólíkum uppruna á Íslandi og erlendis. Býður upp á námskeið í íslensku fyrir útlendinga auk annarra tungumálanámskeiða. (Múltíkúltí, e.d.).

Námsflokkar Hafnarfjarðar. Menntasetrið við lækinn, 220 Hafnarfirði. Þjóða upp á námskeið og hagnýta fræðslu fyrir einstaklinga sem vilja efla grunnmenntun sína og hafa þróað starfsemi sína undanfarin ár í framhaldsfræðslu í takt við breytingar eftir setningu laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Helstu þættir eru: frístundanám, háskólanám í samstarfi við Háskólann á Akureyri, námskeið fyrir atvinnuleitendur, réttindanámskeið fyrir dagforeldra, Enskuskólinn, Hraðlestrarskólinn og jafnframt fleiri námskeið í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga. (Námsflokkar Hafnarfjarðar, e.d.).

Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn. Hlíðarsmára 9, 201 Kópavogur. Nám hjá NTV gefur einingar sem hægt er að nýta til stúdentsprófs. Stefna NTV er m.a. að vera í fararbroddi í endur- og símenntun á sviði upplýsingatækni, og annarra fagsviða. NTV býður upp á nám í tækninámi og forritun, bókhalds- og skrifstofunám, grafík og margmiðlun og viðskipta- og markaðsnám. (Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn, e.d.).

Retor. Hlíðarsmári 8, 201 Kópavogur. Hefur það markmið að styrkja innflytjendur á Íslandi og auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi og hefur sérhæft sig í íslenskukennslu fyrir innflytjendur en þjóða auk þess upp á aðra fræðslu á móðurmáli nemenda. (Retor, e.d.).

Saga-Akademía - Málaskóli. Skógarbraut 1112-2-3b, 235 Keflavíkurflugvöllur. Bíður upp á námskeið í tungumálum, íslensku, ensku, frönsku og spænsku. (Saga-Akademía, e.d.).

Aðrar stofnanir sem koma að fullorðinsfræðslu:

Námsflokkar Reykjavíkur. Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík. Bjóða upp á námsleiðirnar Karlsmiðja og Kvennasmiðja, þær námsleiðir hafa það að markmiði að veita konum og körlum sem ekki hafa verið um tíma á vinnumarkaðnum, færi á því að bæta menntun sína og færni til þess að fara á vinnumarkað eða áframhaldandi nám. (Námsflokkar Reykjavíkur, 2013).

Fjölmenningarsetur. Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður. Fjölmenningarsetur er verkefni sem snýst um að kenna íslensku sem annað tungumál og til að auðvelda skólum að taka á móti erlendum nemendum. Efnið skiptist í þrettán flokka á sex tungumálum, byggir á opinberri stefnumótun, styður fjölmenningarlegt skólastarf, og hefur hlotið gæðaviðurkenningu Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins á framúrskarandi tungumálaverkefnum. (Fjölmenningarsetur, 2015).

Kvöldskóli Kópavogs. Rekstri skólans var hætt 1. janúar 2014. (Kópavogur, 2014).

Tungumálaskólinn. Borgartúni 1, 105 Reykjavík. Sérhæfir sig í íslensku fyrir útlendinga en bíður þó upp á námskeið í öðrum tungumálum. (Tungumálaskólinn, e.d.).

Raunfærnimat

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var skv. þjónustusamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið falið að vinna að þróun aðferða um raunfærni. FA vinnur einnig náið með öðrum Evrópulöndum að þróun í málefnum framhaldsfræðslu. Raunfærnimatið er byggt á reynslu manneskjunnar sem á í hlut hverju sinni þar sem tekin er reynsla, bæði starfsreynsla og lífsreynsla, skólaganga, hvort sem um er að ræða frístundanám, starfsnám eða framhaldsfræðsla ásamt þáttum í lífi fólks eins og félagsstörf. Matið er gert með það fyrir augum að efla starfshæfni viðkomandi aðila sem eru með litla formlega menntun. Matinu er ætlað að stuðla að styttingu náms, bæta stöðu á vinnumarkaði og til uppbyggingar almennrar færni einstaklinga. (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Skilgreiningin á raunfærnimati sem notast er við er svohljóðandi um formlegt nám: „Færni sem aflað er í formlegu skólakerfi og viðurkennd með útskrift eða prófskírteinum frá formlegum skólayfirvöldum“, um óformlegt nám: „Færni sem aflað er í námi utan skólakerfis, til dæmis hjá símenntunarmiðstöðvum, námsflokkum eða með námskeiðum á vinnustað. Þessi færni er oft staðfest með skírteini eða viðurkenningu um þátttöku.“ Um formlaust nám: „Færni sem einstaklingurinn hefur öðlast í gegnum daglegar athafnir tengdar starfi, fjölskyldu eða frítíma. Færni sem einstaklingurinn býr yfir en hefur hvorki skírteini né aðra staðfestingu á að hann hafi tileinkað sér“. (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.).

Við mat á raunfærni er miðað að því að hægt sé að meta og viðurkenna raunfærni viðkomandi einstaklings með því að draga hana fram, skilgreina hana og lýsa. Þegar raunfærnin hefur verið

metin og viðurkennd er þannig hægt að skipuleggja nám hans með tilliti til raunfærinnar, hún getur jafngilt námsáfangi eða hluta af námsáfangi og þannig stuðlað að aukinni þátttöku í símenntun og sparað tíma og fjármuni bæði einstaklingsins og samfélagsins. Raunfærnimat í atvinnulífinu hefur þann tilgang að staðfesta og skrá færni einstaklinga þannig að tækifæri einstaklings séu í samræmi við færni viðmið í viðkomandi störfum. Það getur leitt til þess að einstaklingur fái viðeigandi framgang í starfi, jafnvel aukin tækifæri í þeirri starfsgrein. Handleiðsla náms- og starfsráðgjafa er mikilvægur þáttur í raunfærnimatinu og aðstoðar ráðgjafinn viðkomandi einstakling við það að bera kennsl á styrkleika sína, taka ákvarðanir fyrir framtíðina í því samhengi og þannig er stuðlað að bættri sjálfsmynd. Leitt er líkum að því að með aukinni notkun á færnimati í samfélaginu geti það orðið til þess að hækka þekkingarstig samfélagsins. Með aukinni meðvitund um raunfærni sína samhliða aukinni þekkingu á raunfærni viðmiðum eru einstaklingar örvaðir til að auka færni. Einstaklingar með litla grunnmenntun upplifa sig gjarnan á byrjunarreit þegar þeir leiða hugann að menntun. Við raunfærni er reynsla þeirra metin þannig að þegar viðkomandi fer í nám að nýju er hann ekki á byrjunarreit heldur færni metin inn í námið í réttu samhengi við færni viðkomandi. (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.). Sú þróunarvinna sem á sér stað í færnimati sem og hæfniþrep er hluti af stefnu stjórnvalda til umbóta í menntun á Íslandi og kemur fram í Hvítbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar er vísað til rannsóknar OECD þar sem kom fram í niðurstöðum að stýring og ráðgjöf um starfsmenntun á Íslandi er verulega ábótavant. Jafnframt kemur þar fram meðal annars að aðilum á vinnumarkaði, atvinnurekendur eiga erfitt með að gera sér grein fyrir hvaða viðmið gilda, hvaða hæfniskröfur nemendum er ætlað að uppfylla við útskrift úr námi. Þarna sést mikilvægi þess að samtvinna hugmyndafræði og hvernig hæfniþrepin og raunfærnimat fellur í eina heild til þess að mynda viðmið sem hægt er að innleiða. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014).

Samkvæmt færninálgun Sen er lögð áhersla á lífsgæði einstaklinga, að skapa þeim aðstæður í formi aukinna tækifæra og möguleika og að þeir hafi jafnframt frelsi til að auka færni sína og virkni eftir eigin sannfæringu um gildi. Hugmyndir um raunfærnimat er hægt að tengja og færa rök fyrir með færninálgun Sen. Með færnimatinu er verið að leggja áherslu á að auka færni einstaklingsins og gefa honum aukna trú og sýn á eigin getu. Matið er jafnframt hvetjandi fyrir einstaklinginn að halda áfram í frekara nám og öðlast þannig aukna færni. Færninálgunin tekur einnig mið af aðstæðum fólks og sýnir fram á hve mikilvægt er að stuðla að því að grunnur, bakgrunnur í menntun og öðrum aðstæðum, sé þróaður með tilliti til þess að auka getu og möguleika einstaklingsins til að auka færni sína. Þannig er raunfærnimat mikilvægt tæki til

Þess að veða og meta þessi atriði og stuðla að jákvæðri þróun í aðstæðum varðandi þessi atriði í þróun samfélags á Íslandi. Sem dæmi þá sýnir raunfærni mat ekki einungis fram á hvar viðkomandi einstaklingur stendur í hæfniprepi heldur einnig af hverju.

Samkvæmt rannsókn sem Auður Sigurðardóttir gerði á raunfærnimati í lokaverkefni sínu til MA náms við Háskóla Íslands, var ein helsta ástæða þess að þátttakendur áttu erfitt með að byrja að stunda skóla á ný sýndu að þeir höfðu litla trú á eigin getu. Ástæður þess að þeir hættu í framhaldsskólanámi voru m.a. lítið stuðningsnet, hamlandi námsörðugleikar og aðrir persónulegar erfiðleikar sem höfðu jafnframt einnig þau áhrif að viðkomandi treystu sér ekki aftur í nám á fullorðinsaldri. Þegar þátttakendur fóru í raunfærnimat hafði stuðningur náms- og starfsráðgjafa og annarra mikið að segja og hafði mikil áhrif á það að viðkomandi fór áfram í framhaldsfræðslu. Raunfærnimatið stuðlaði jafnframt að auknum möguleikum viðkomandi einstaklinga og hafði þau áhrif að byggja upp trú þeirra á eigin getu. Niðurstöður Auðar bentu einnig til þess að mikilvægt er að sá stuðningur sé áframhaldandi gegnum nám í framhaldsfræðslu. (Auður Sigurðardóttir, 2010).

Árið 2014 var unnin rannsóknarskýrsla af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Rannsóknin var framkvæmd með viðtölum við rýnihópa, en þeir voru skipaðir fólki sem var á þeim tíma virkt í námi í framhaldsfræðslu hjá símenntunarstöðvum í framhaldsfræðslu. Markmið skýrslunnar var að skoða þátttöku í framhaldsfræðslu og fá þannig hagnýtar upplýsingar sem gætu nýst í þróunarstarfi í framhaldsfræðslu. Niðurstöður í skýrslunni er hér fjallað um í viðleitni til að varpa sýn dýpri sýn en þegar er komin með umfjöllun um aðgengi að framhaldsfræðslu hér fyrir framan og gagnlegt er að skoða í þessu samhengi hugmyndafræði Amartya Sen sem talað er um í fyrri hluta ritgerðar og athuga þar með hvort þær varpi frekara ljósi á málefnið.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að nauðsynlegt væri að kynna starfsemi í framhaldsfræðslu betur. Sýnileiki og umfang starfseminnar er beintengt við vitund fólks á hverjum stað um þá möguleika sem standa til boða. Í ljós koma að í dreifðari byggðum og þorpum á landsbyggðinni hafði fólk minni vitneskju um starfsemina. Í ljós kom að fólki þótti erfitt að komast að, sér í lagi á litlum stöðum á landsbyggðinni. Framboð þjónustunnar fer þá eftir eftirspurn. Fram kemur það álit að ef starfsemin væri sýnilegri þá myndu fleiri væntanlega nýta sér hana og þar með væri hægt að bjóða meira framboð. Umræða varðandi sýnileika var þó ekki einskorðuð við sýnileika á landsbyggðinni, fram kom umræðan um að orðanotkun varðandi starfsemi í framhaldsfræðslu væri misvísandi og oft ekki til þess fallin að einstaklingar

áttuðu sig á að um væri að ræða framboð náms sem hentaði þeirra þörfum sem fullorðnir einstaklingar með litla grunnmenntun. Einnig kom fram hjá aðilum sem höfðu verið á bótum hjá Vinnumálastofnun að þeir þurftu jafnvel að leita ákaft eftir upplýsingum um leiðir til að komast í nám. (Menntavísindastofnun, 2014).

Þegar við lítum til hugmynda Amartya Sen, sem fjallað er um í fyrri hluta ritgerðar, er áhugavert að skoða niðurstöður varðandi framboð þeirrar þjónustu og náms í framhaldsfræðslu. Greinilegt er að kerfið á Íslandi er enn í mikill mótun, það sé best á því að samfélagið á enn nokkuð í land með það að hafa vitneskju um þessa möguleika. Einnig á því að menntunarstöðvarnar eru talsvert frá því að vera orðnar rótgrónar miðstöðvar sem bjóða upp á fasta möguleika, heldur fara möguleikarnir rokkandi eftir aðsókn. Samkvæmt færniálgun Sen er nauðsynlegt að horfa út frá einstaklingunum og skapa þeim tækifæri og möguleika. Þá mætti færa rök fyrir því að leggja sérstaka áherslu á þorp og dreifðari byggð í landinu með það fyrir augum að gæta jafnræðis í sköpun tækifæra fyrir viðkomandi einstaklinga, bæði með aukinni kynningu á möguleikunum og aukningu á þjónustunni sjálfri, námsleiðum og raunfærnimati. Einnig væri hægt að færa rök fyrir því að í stað þess að einstaklingar í atvinnuleit þyrftu að bera sig sérstaklega eftir því og gera leit að námstækifærum þá væri í ljósi færniálgunarinnar framboð í framhaldsfræðslu gert sýnilegra og aðgengi einfaldara með það fyrir augum hve mikill hagur er að því að auka færni einstaklingsins og stuðla að því að hann geri það.

4 Staðan og stefna stjórnvalda

Í júní árið 2014 gaf Mennta- og menningamálaráðuneytið út hvítbók sem fjallar um stöðu í menntakerfinu og eru þar jafnframt gerð drög að helstu áherslum í stefnumótun og aðgerðum til umbóta í menntakerfinu á Íslandi. Fram kemur m.a. að bæta þurfi árangur þegar kemur að námsframvindu í framhaldsskólum en það getur haft bein áhrif á þann hóp sem skipar þá sem falla úr námi og tilheyra markhópi framhaldsfræðslu.

Í hvítbók er m.a. fjallað um og stuðst er við niðurstöður úr rannsókninni, PISA 2012, rannsókn sem OECD framkvæmir með reglubundnu millibili til samanburðar í menntamálum. Ísland er eitt af 20 stofnríkjum OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development), (Ísl. Efnahagas- og framfarastofnunin). OECD framkvæmir m.a. yfirgripsmiklar rannsóknir í menntamálum. Niðurstöður sýna að á Íslandi er hlutfall fullorðinna, á aldrinum 25 -64 ára, án framhaldsskólaprófs það fimmta hæsta meðal OECD- ríkjanna, það er 30%. Rannsóknin sýnir einnig að samanborið við önnur OECD ríki gengur Íslandi hægt að hækka menntunarstig

Þjóðarinnar (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2014). Þegar hvítbók Mennta- og menningamálaráðuneytisins er lesin er ljóst að þessi laki árangur í framhaldsskólamenntun fullorðinna, er litinn alvarlegum augum og segir:

Bent hefur verið á að þetta háa hlutfall fólks án framhaldsskólamenntunar geti haft alvarlegar efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Sé litið til reynslu annarra þjóða skortir þann hóp, sem hverfur snemma frá námi, frekar hæfni til að finna sér stað á vinnumarkaði og líkur á atvinnuleysi, félagslegum vanda, áhættu hegðun og heilsuleysi eru meiri í þeim hópi. Þegar fram í sækir er þetta dýrt fyrir samfélagið. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2014, bls. 12- 13).

Í hvítbók setur Mennta- og menningamálaráðuneytið fram tvö meginmarkmið til ársins 2018. Annað þeirra varðar bætingu hlutfalls grunnskólanema, úr 79% í 90%, þ.e. þeirra nemenda sem ná lágmarksviðmiðum í lestri. Hitt meginmarkmiðið er það að hækka hlutfall þeirra nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi eftir hefðbundnum leiðum, úr 44% í 60%. Leitt er að líkum að tengja megi saman að einhverju marki sem orsök og afleiðingu, það er að lítill lesskilningur geti leitt af sér aukið brottfall á framhaldsskólastigi. (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2014). Til að ná settum markmiðum árið 2018 leggur Mennta- og menningarmálaráðuneyti áherslu á eftirfarandi þrjá þætti:

- i) Endurskipulagningu námstíma, þar sem lengd framhaldsskólanáms á Íslandi er endurskoðuð en námstími stúdentsnámsbrauta er að jafnaði fjögur ár. Unnið er að endurskoðun námsbrauta með það fyrir augum að stytta námstíma í viðleitni til að bæta námsframvindu nemenda og þar með hækka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólaprófi á tilskildum tíma. Samhliða er stefnt að styttingu starfsnáms. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, bls. 32 - 34).
- ii) Aðgerðir gegn brotthvarfi. Þróa þarf reglubundið eftirlit og skráningu á brotthvarfi með það fyrir augum að geta unnið á þeim áhættuþáttum sem valda því. Unnið er að veita sérstakan stuðning og fjárveitingar við skóla til að sinna nemendum í brotthvarfshættu. Komið verði á samstarfi milli skóla og heilbrigðis- og félagsþjónustu í ljósi þess að 18% nemenda sem hurfu frá námi gerðu svo vegna líkamlegra eða andlegra veikinda. Áhersla er lögð á fræðslu um úrræði og ráðgjöf til þeirra sem hafa horfið frá framhaldsskólanámi. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, bls. 32 - 35).

- iii) Breytingar starfsmenntun á framhaldsskólastigi hafa það að leiðarljósi að einfalda starfsmenntakerfið. Lögð er áhersla á að tengja kerfið betur við þarfir atvinnulífsins og þar með hafa námsbrautir einfaldari, skýrari þrepaskiptingu og miðað að styttingu námstímans. Jafnframt er stefnan sú að efla fræðslu í grunnskólum til að stuðla að því að fleiri nemendur velji starfsmenntun að loknu grunnskólaprófi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014, bls. 32 - 37).

Það er því ljóst að framhaldsfræðsla á Íslandi er meðal þeirra þátta sem eru efstir á forgangslista en mikið starf er eftir í útfærslu starfseminnar. Litið er til þess að nemendur í framhaldsfræðslu hafi fundið stuðning til að fara aftur í nám með þjónustunni og að efla þurfi þann stuðning víðs vegar um landið í símenntunarstöðvunum svo þær geti starfað samkvæmt stefnu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um nám alla ævi. Stefna stjórnvalda sýnir einnig að verk þurfi að vinna til að samræma starf fræðsluaðilanna innan kerfisins, birtingarmynd þess er t.d. þróun hæfniprepa í íslenska hæfniramma, raunfærnimat og þróun námsskráa námsleiða í framhaldsfræðslu, sem allt leiðir til þess að nám í einu kerfi sé metið að verðleikum í öðru kerfi ef nemandi vill ná námslokum á framhaldsskólastigi. Í Hvítbók kemur það fram að litið er alvarlegum augum það mat sem birtist í niðurstöðum á rannsókn OECD um leikni að lokum skóla. Tengist sú rannsókn sérstaklega inn á mótun íslenskrar starfsmenntastefnu og þ.a.l. starfsemin á sviði framhaldsfræðslu. Stefnt er að umbótum í þróun, stefnumótun og samhæfingu starfsnáms í landinu og stefnan er sú að taka á vanda í skipulagi grunnnáms í starfsmenntun. Skv. niðurstöðum rannsóknar OECD þarf að einfalda leið gegnum námssvið og námsleiðir fyrir nemendur í starfsnámi í ljósi þess að hún þykir það flókin að nemendur eigi erfitt með að átta sig á flóknum og fjölbreytilegum námsleiðum sem keppa hvert við annað.

Gagnrýni kemur einnig fram í niðurstöðum könnunar OECD sem bendir á það að miða þarf starfsnám á framhaldsskólastigi við þarfir atvinnulífsins og bæta þurfi úr starfsþjálfun á vinnustað sem þykir ekki nægilega mikil á Íslandi. Jafnframt kemur fram að styrkja þarf tengingu starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi við starfsnám á háskólastigi í ljósi kröfu um aukna menntun á vinnumarkaðnum í framtíðinni.

Sú starfsemi sem á sér stað undir stofnun mennta- og menningarmálaráðuneytisins, FA sem fjallað var um fyrr í þessari ritgerð sýnir glögglega í verki hvernig útfærsla yfirvalda er meðal annars á umbótum í framhaldsfræðslukerfinu. Fram kemur í Hvítbók það formlega samráð milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins um þróun, umbætur og stefnumótun í menntamálum.

„Gæði menntunar varða okkur öll og hún hefur gildi fyrir samfélagið í heild og lýðræðislega og efnahagslega þróun“ segir á blaðsíðu 44 í Hvítbók. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið).

5 Niðurstöður

Tilgangur þessarar ritgerðar er að veita innsýn í þá þróun sem átt hefur og er að eiga sér stað í stefnumótun um menntun fullorðinna á Íslandi, nánar tiltekið aðgengi að framhaldsfræðslu eftir lagasetningu árið 2010 til ársins 2015. Spurningin sem leitast er við að svara í þessari ritgerð er: „Hvernig er aðgengi fullorðinna að framhaldsskólamenntun á Íslandi?“ Orðið eða hugtakið „framhaldsfræðsla“ er notað í þessari ritgerð í ljósi tilveru þess í lögum um framhaldsfræðslu sem sett voru árið 2010 (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Margir aðilar bjóða með einum eða öðrum hætti upp á ýmis námskeið eða leiðir til að auka þekkingu fyrir þann aldurshóp sem um er rætt, í þessari ritgerð er hins vegar til umfjöllunar það framboð náms sem heyrir undir Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur verið viðurkennt af yfirvöldum sem slíkt. Það var höfundi talsverð áskorun að rekast á það við vinnslu verkefnisins hve snúið getur verið að fjalla um málaflokk sem enn er í svo miklu þróunarferli sem framhaldsfræðslukerfið á Íslandi er.

Í þeim tilgangi að svara spurningunni er í fyrri hluta ritgerðarinnar fjallað um hugmyndir hagfræðingsins og heimspekingsins Amartya Sen sem litið er til víðsvegar um heim, sér í lagi í þeirri vinnu sem unnin er til uppbyggingar sjálfbærra samfélaga, m.a. af Sameinuðu þjóðunum. Hugmyndir Sen hafa jafnframt verið notaðar í því samhengi til þróunarvinnu í menntamálum og er hægt að hafa þær til hliðsjónar þegar við skoðum aðgengi að framhaldsfræðslu, sér í lagi með tilliti til lífsgæða einstaklingsins. Hugmyndafræði Amartya Sen er því hægt að segja að skapi mikilvæg viðmið. Ef við skoðum þá umfjöllun í ritgerðinni um þann ramma sem heldur um þennan stóra hóp fullorðinna á Íslandi sem framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að ná utan um og skoðum í samhengi við færninálgun Sen sjáum við mikilvægar ábendingar.

Færninálgunin sýnir hve mikilvægt það er að koma á fót rannsóknum á raunverulegri reynslu og upplifun þessara nemenda, þar sem þarft er að hafa sýn á aðstæður þessara aðila, bakgrunn og þar af leiðandi hvaða námsleiðir kunna að henta fremur en aðrar. Gera verður marktækar og hnitmiðaðar rannsóknir en enn sem komið er eru ekki margar rannsóknir sem hafa verið gerðar með þetta málefni fyrir augum á Íslandi. Ef ætlunin væri sú að aðgengi fullorðinna á Íslandi væru í samhengi við hugmyndafræði Sen um færninálgun, er enn talsvert langt í land þar sem framhaldsfræðslukerfið er enn í mikilli þróun og langt frá því að vera fullmótað. Samkvæmt

færinálguninni er nauðsynlegt að nálgast viðfangsefnið út frá einstaklingnum. Sýnt hefur að aðgengið er nokkuð misjafnt eftir staðsetningu á landinu en það er lykilatriði að breyta því til að sem flestir hafi það frelsi að geta valið um tækifæri til menntunar eftir eigin sannfæringu um gildi. Það boðar gott sú staðreynd að þróunin hefur verið í jákvæða átt á fáum árum í starfsemi í framhaldsfræðslu og vonir standa til að sú þróunarvinna haldi áfram. Með þessu áframhaldi færumst við nær hugmyndum Sen um lífsgæði eftir því sem tíminn líður. Skv. færinálguninni er sjálfsmat og trú á eigin getu stór þáttur í því að stuðla að bættem lífsgæðum. Þær námsleiðir sem eru í boði nú, raunfærnimat sem stendur til boða og sú ráðgjöf til þess fallin að bæta sjálfsmat einstaklinga, auka trú á eigin getu og breyta framtíðarsýn einstaklinganna til batnaðar. Það leiðir til jákvæðrar þróunar fyrir einstaklingana og fyrir samfélagið þar sem stuðlað er að aukinni menntun og þar með hækkunar á þekkingarstigi á vinnumarkaði á Íslandi. Með þessu móti má líkja framhaldsfræðslukerfinu við hugmyndir um færinálgun sen á jákvæðan hátt.

Það er ljóst skv. hvítbók Mennta- og menningarmálaráðuneytis, að stefna stjórnvalda miðar að því að minnka þann hóp sem telur fullorðna án framhaldsskólaprófs til framtíðar litið með því að stuðla að minna brottfalli úr framhaldsskólum. Þar gætu umræddar rannsóknir á aðstæðum og reynslu nemenda skilað mikilli innsýn í ástæður brottfallsins. Ef markmiðum verður náð 2018 ætti hlutfall þeirra sem ljúka námi úr framhalsskólum landsins að hafa aukist úr 44% í 60%. Eins og Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur þegar að er ljóst að þróa þarf reglubundið eftirlit og skráningu á brottvarfi úr framhaldsskólanámi. Áhugavert verður að fylgast með hvort markmið ráðuneytisins fyrir árið 2018 munu nást og jafnframt í framhaldi af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í menntakerfinu, hvort eftirlit sýni betri hlutfallslegar tölur í menntamálum og að náist hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Í þeim gögnum sem er að finna um stöðuna eins og hún er þegar þessi ritgerð er skrifuð, árið 2015, kemur fram að stór hópur fólks á vinnumarkaði hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi. Eins og fram hefur komið er eitt af markmið yfirvalda í menntamálum að minnka þennan hóp verulega og jafnframt er mikið starf unnið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að leiðum til náms fyrir þá sem þennan hóp skipa. Við þetta má bæta og vísa í umfjöllun um úrræði til náms í þessari ritgerð, þar sem fram kemur að einstaklingur sem vill fara í háskólanám eða annað það nám sem krefst stúdentsprófs, þarf að byrja á því að fara í gegnum nám hjá Menntastöðum áður en hann getur farið í frumgreinadeildir eða háskólabrú sem eru leiðir á vegum Háskólanna. Þessar leiðir eru mjög kostnaðarsamar fyrir nemendur. Þetta gefur tilefni til að rannsaka hagkvæmni þess að þróa eina heildstæða leið fyrir nemendur í þessum hópi til stúdentsprófs og hvort tilefni sé til að einfalda þannig leiðina og minnka samhliða því fjárhagslegan þunga sem

lendir á nemendum í formi hárra skólagjalda í háskólabrú Háskólanna. Ein hugmynd væri að í stað Menntastoða væri þróuð ein heildstæð námsleið, með það fyrir augum að einfalda leiðina að frekara námi. Þetta er vísbending þess efnis að hugsanlega væri hægt að gera leiðina sem svo margoft er minnst á í daglegri umræðu í samfélaginu, sú leið sem er frá grunnskóla og í háskólanám og þar telur höfundur ritgerðarinnar að megi einfalda og auðvelda nemendum. Í því tilliti má líta til Háskólagáttar Háskólans á Bifröst þar sem leiðin að Háskólanámi er auðvelduð til muna og væri hægt að nýta sama snið víðs vegar í námi í framhaldsfræðslunni, auðvelda þannig leiðina og einfalda hana fyrir nemendur og fyrir framhaldsfræðslukerfið.

Við vinnslu ritgerðarinnar kannaði höfundur þá aðila sem hafa fengið viðurkenningu eða vottun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og flokkast þar með undir fræðsluaðila í framhaldsfræðslu. Viðkomandi aðilar sbr. umfjöllun í kafla um framhaldsfræðslu, þurfa að uppfylla ákveðna gæðastaðla, m.a. falla undir hæfnirammann. Margir þessara aðila bjóða upp á fjölbreytt úrval námskeiða og var ekki alltaf augljóst, við skoðun, hvaða nám væri hluti af framhaldsfræðslukerfinu og vottað samkvæmt því. Þessi einfalda skoðun sýndi fram á mikilvægi þess að kynna þá kosti sem boðið er upp á í framhaldsfræðslu með skilvirkari hætti. Mikilvægt er að sem flestir innan markhópsins viti af þeim tækifærum sem eru í boði til að geta nýtt sér þá, jafnframt að þegar einstaklingar leita að upplýsingum um þessa námsmöguleika í framhaldsfræðslu að þeir sjái skýrt og skilmerkilega hvaða námskeið eða námsleiðir hafi hlotið vottun í framhaldsfræðslu. Þetta bendir enn og aftur á kynningu efnis og nauðsyn þess að gera það gagnsærra fyrir notendur, nemendur.

Í niðurstöðum mælinga Hagstofu Íslands um samband menntunar og tekna kemur fram að á síðastliðnum árum hafa laun háskólamenntaðra lækkað miðað við aðra hópa á Íslandi. Einnig sýna niðurstöðurnar að háskólamenntun á Íslandi veitir hlutfallslega minni ávinning í tekjum samanborið við önnur Evrópulönd. (Hagstofa Íslands, 2014). Hugsanlegt er að þessar niðurstöður gefi vísbendingu til að rannsaka hvort setja megi þær í samhengi við þá staðreynd að á sama tíma er hlutfall fullorðinna á Íslandi, á aldrinum 25 - 64 ára, án framhaldsskólaprófs það fimmta hæsta meðal OECD- ríkjanna, það er 30%. Framhaldsskólapróf eða ígildi þess er nauðsynlegur undanfari háskólamenntunar og er hugsanlegt að fólk sjái sér ekki hag af frekari skólagöngu þegar líkur eru minni á því að það leiði í för með sér bættari líf skjör í samræmi við þann kostnað og vinnu sem skólagangan krefur.

Við vinnslu þessa verkefnis hafði höfundur í huga að líta allar upplýsingar gagnrýnum augum. Í þessari ritgerð kemur m.a. fram umfjöllun um mikilvægi þess að hafa aðstæður nemenda í huga við stefnumótun í menntamálum. Það skýtur skökku við hve upplýsingar eru takmarkaðar,

hve lítið markaðsstarf hefur verið unnið til að gera sýnileika úrræða, aðgengis og framboðs. Auka þarf sýnileika og efla þarf kynningarstarf á þeim leiðum sem eru í boði fyrir markhópin, það eru allir sem eiga stutta formlega skólagöngu að baki og falla ekki í þann hóp sem á tilkall til hins formlega framhaldsskólakerfis. Í nútímasamfélagi þykir það eðlileg aðferð að leita á veraldarvefinn við leit að upplýsingum og má í því samhengi benda á þá staðreynd að þjónar litlum tilgangi að hafa góða vefsíðu ef hún er svo lítið kynnt að fáir vita af henni eða að gefa út bæklinga og annað kynningarefni sem ratar ekki í hendur markhóps framhaldsfræðslunnar.

Ljóst er að enn er langt í land þó mikið starf hafi verið unnið á síðastliðnum 5 árum síðan Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 voru samþykkt. Framkvæmd og útfærsla er enn á frumstigi og enn eru mörg tilraunaverkefni í gangi í framhaldsfræðslu. Þegar litið er til færninálgunar Amartya Sen í heild sinni og hún borin saman við framhaldsfræðslukerfið sjáum við glögggt að starf síðustu ára hefur þróast í mjög jákvæða átt, hið neikvæða er líklega það á hve miklu mótunarstigi kerfið er enn.

Lokaorð

Við gerð þessarar ritgerðar hefur höfundur fengið mikla innsýn í þróun u.þ.b. síðustu 5 ára eftir setningu laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Ástæða þess að ég valdi þetta viðfangsefni var að mörgu leiti þær aðstæður sem ég sjálf var í þegar ég hóf nám í frumgreinadeild við Háskólann á Bifröst árið 2006, þá 29 ára gömul og lagði ég leið mína á Bifröst og flutti þangað ásamt 11 ára dóttur minni. Síðan þá hefur umhverfi í menntamálum þessa aldurshóps með litla grunnmenntun breyst mjög mikið. Þá var fátt um fína drætti í aðgengi að menntun, sér í lagi fyrir þá sem voru í þeirri stöðu að stefna á háskólanám en vantaði stúdentspróf. Sú staðreynd að ég var á vinnumarkaði, ein að ala upp barn bauð ekki upp á það að stunda kvöldnám í öldungadeildum framhaldsskólanna. Því er ég þakklát Háskólanum á Bifröst fyrir margt en þó fyrst og fremst fyrir að stunda það frumkvöðlastarf sem hann vinnur og opnar möguleika fyrir marga og ekki síst augun fyrir því sem hægt er að gera ef viljinn er fyrir hendi. Nú hefur staðan breyst, en einnig hefur tækni þróast svo auðveldara er að bjóða upp á og stunda nám landshorna á milli. Við eigum þó enn langt í land með að fullmóta okkar kerfi í framhaldsfræðslu en það er jákvætt að sjá hve mikið hefur breyst til batnaðar á þeim níu árum síðan ég stóð í þeim sporum að hefja nám að nýju.

Heimildaskrá

- Auður Sigurðardóttir. (2010). *Að stíga skrefið – Í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*. MA ritgerð, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Betri árangur ehf. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <https://learningicelandic.wordpress.com/>
- Capacent. (2014, apríl). *Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Úttekt*. Sótt 6. október 2015 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/forsidumyndir/Uttekt-a-framhaldsfraedlukerfinu-2009---2013.pdf>
- Félagsmálaskóli alþýðu. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.felagsmalaskoli.is/index.php/um-fa>
- Fjölmenningarsetur. (2015). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.mcc.is/frettir/nr/2755>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). Sótt 1. nóv. 2015 af: www.frae.is
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2011). *Hvað áttu við? Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, 2011*. Sótt 13. september 2015 af: http://frae.is/media/70583/21-Gatt_2011_083_web_1184447653.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2015). *Um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf (FA)*. Sótt 22. okt. 2015 af: <http://frae.is/um-okkur/>
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Raunfærni - Raunfærnimat*. Sótt 8. nóv. 2015 af: http://www.frae.is/files/b%C3%A6klingur%20raunf%C3%A6rni_2032092579.pdf
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (2015). *Gæðavottun*. Sótt 8. nóv. 2015 af: <http://frae.is/gaedavottun/>
- Guðrún Jóna Magnúsd. (2012). *Þetta var fyrsta og stærsta skrefið – Þróun náms- og starfsferils fullorðinna sem hefja nám að nýju*. Óutgefin meistaraþrófritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Háskólinn á Bifröst. (e.d.). *Háskólagátt*. Sótt 16. nóv. 2015 af: <http://www.bifrost.is/namid/haskolagatt>
- Háskólinn á Bifröst. (2014). *Menntun í Norðvesturkjördæmi – Greinargerð um tilraunaverkefni í Norðvesturkjördæmi*. Sótt 11. nóv 2015 af: http://www.bifrost.is/files/skra_0066085_.pdf
- Hringsjá. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.hringsja.is/>
- Jafnréttishús. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://jafn.is/index.php>
- Kvöldskóli Kópavogs. (2014, janúar). *Kvöldskóli Kópavogs lagður niður*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.kopavogur.is/stjornsyslan/frettir-og-utgefid-efni/frettir/nr/3868>
- Málaskólinn Lingva. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.lingva.is/>
- Mankiw, N. Gregory og Taylor, Mark P. (2006). *Economics*. London: Thomson learning.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014, júní). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt 15. september 2015 af: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Samanburður hæfniramma um íslenskt menntakerfi og hæfniramma Evrópusambandsins – Útdráttur úr skýrslunni „Referencing the Icelandic National Qualifications Framework to the European Qualifications Framework for Lifelong Learning“*. Sótt þann 15. nóv. 2015 af: http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Utdrattur_islensk-haefnividmid-og-haefnirammi-ESB_v2_ogk.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2015, maí). *Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu*. Sótt 2. september 2015 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8397>

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2015, febrúar). *Skýrsla vinnuhóps um hæfniramma í framhaldsfræðslu*. Sótt 11. nóv. 2015 af: <http://www.frae.is/media/65891/Skyrsla-vinnuhops-um-haefniramma-i-framhaldsfraedslu-og-fylgibref-februar-2015.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. *Stofnanir í framhaldsfræðslu*. Sótt 18. okt. 2015 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/framhaldsfraedsla/stofnanir/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. (2014, nóvember). *Viðhorf til þátttöku í námi á fullorðinsárum – Niðurstöður úr rýnihópum*. (Rannsókn unnin fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins/Fræðslusjóð). Reykjavík: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Múltíkúltí ehf. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://multikulti.is/?c=webpage&id=8&lid=28&option=links>
- Námsflokkar Hafnarfjarðar. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.nhms.is/tomstundarmidstod/upplýsingar/>
- Námsflokkar Reykjavíkur. (2013). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.namsflokkar.is/index.php/namsleidir/>
- Nobel prize. (1998). Amartya Sen – Biographical. Sótt 11. nóv. 2015 af: http://www.nobelprize.org/nobel_prizes/economic-sciences/laureates/1998/sen-facts.html
- Nussbaum, Martha og Sen, Amartya. (1993). *The Quality of life*. Oxford. Oxford university.
- Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://www.ntv.is/is/um-ntv>
- Retor. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://retor.is/um-okkur/>
- Saga-Akademía. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://sagaakademian.is/?q=is/courses>
- Sen, Amartya. (1999). *Development as freedom*. New York, Oxford University Press, Oxford.
- Sen, Amartya. (1979). *Equality of what?* Erindi flutt á The Tanner lectures on human values, Stanford University. Sótt 29. október 2015 af: http://tannerlectures.utah.edu/_documents/a-to-z/s/sen80.pdf
- Sen, Amartya. (1992). *Inequality Re-examined*. Oxford: Clarendon Press.
- Sendinefnd ESB á Íslandi. (2013). *Upplýsingar um stöðvun IPA verkefna á Íslandi (04/12/2013)*. Sótt 16. nóv. 2015 af: http://eeas.europa.eu/delegations/iceland/press_corner/all_news/news/2013/20131204_is.htm
- Tungumálaskólinn. (e.d.). *Heimasíða*. Sótt 13. nóv. 2015 af: <http://thetincanfactory.eu/>
- Unterhalter, E. og Walker, M. (2007). Amartya Sen's capability approach and social justice in education. New York. Palgrave Macmillan. Sótt 11. nóv. 2015 af: http://library.mpib-berlin.mpg.de/toc/z2008_308.pdf
- Lög, reglugerðir og frumvörp**
- Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008 – 2009. Þskj. 291, 216. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/pdf/136/s/0291.pdf> . (Sótt á vefinn 5. 11.2015).
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

